



## 29. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 5. apríl 2002

Dagskrá:

1. Umræður um fundi miðstjórnar það sem er af þessu ári, trúnaður.
2. Staða skólamála, Guðmundur Hilmarsson.
3. Sambandsstjórn. Dagskrá.
4. Starfsmannamál.
5. Styrktarbeiðni Iðnemasambandsins v/1.maí.
6. Önnur mál.

Fundur settur kl. 13:00.

### 1. Umræður um fundi miðstjórnar það sem er af þessu ári, trúnaður

Frosti hóf umræðuna með því að fara yfir meðferð ýmissa viðkvæmra mála sem tekin hafa verið fyrir á þessu ári og hvernig umræður virðast leka af fundunum nánast samstundis. Þorri fundarmanna tók undir að slíkt gengi ekki.

### 2. Staða skólamála

Guðmundur Hilmarsson og Garðar Garðarsson lögmaður hafa verið fengnir til vinnu við uppgjör skólakerfisins. Guðmundur sagði að skuldastaða skólakerfisins væri að verða ljós en eftir væri að endurskoða bókhaldið til þess að fullvissa sig.

Nokkrir aðilar hafa lýst yfir áhuga á að skoða málin með kaup á einingum úr skólakefinu í huga en fyrst verður að ganga frá fortíðinni.

### 3. Sambandsstjórn. Dagskrá

**Kynnt Dagskrá fyrir sambandsstjórnarfund.**

**Lagt fram fulltrúatal og formönnum félaga falið að afla staðfestinga sinna manna.**

### 4. Starfsmannamál

Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn í það starf sem Hulda gegndi. Sigurður Hallvarðsson kemur sennilega ekki aftur úr veikindafríi sem hann er nú í. Helgi hættir í sumar. Ráða þarf í störf þeirra á árinu.

### 5. Styrktarbeiðni Iðnemasambandsins v/1.maí Iðnemasambandið óskar eftir styrk til þess að halda fjölskylduhátíð 1. maí. Samþ. að styrkja þetta.

### 6. Önnur mál

Símsmiðir óskuðu eftir því að fá að tilnefna varafulltrúa símsmiða í miðstjórn þar sem varafulltrúi þeirra er hættur í félaginu. Miðstjórn vísaði beiðninni til sambandsstjórnarfundar 19/4 2002.

Fyrirspurnir um Spánarhúsin, páskaúthlutanir og flug í tengslum við þær.

Í svari kom fram að það væri ýmislegt sem við værum að læra núna eftir að húsin eru kominn í notkun og málið er allt í skoðun.

Fundi slitið kl. 15:30,

Haukur Ágústsson